

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ástu Guðrúnu Helgadóttur um brottfall úr framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur verið brottfall nemenda úr framhaldsskólum frá 2007 samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á brottfalli úr framhaldsskólum? Svar óskast sundurliðað eftir ári og skóla og eftir því hvort nemendur hófu nám til stúdentsprófs til þriggja eða fjögurra ára.

Skilgreining OECD á brottvarfi gerir ekki ráð fyrir því að greint sé milli skóla en aðeins hvort nemendur ljúka námi í einhverjum skóla á tilteknu tímabili. Í íslensku skólakerfi er ekki óalgengt að nemendur hefji nám í einum skóla en ljúki námi af námsbraut í öðrum skóla. Þannig gæfu brottvarfstölur eftir skóla ekki rétta mynd af því hversu stór hluti af ákveðnum innritunarhópi lyki námi. Sundurgreining eftir skóla liggur því ekki fyrir. Könnun Hagstofu á brottvarfi fyrir OECD greinir heldur ekki nemendur eftir því hvers konar námsbraut þeir hófu nám á, að öðru leyti en því að innritunarhópunum er skipt upp eftir bóknámi og starfsnámi í samræmi við flokkunarstaðal OECD (ISCED) sem Hagstofa styðst við.

Sú könnun á brottvarfi sem Hagstofa gerði síðast árið 2011 tók til nýnema sem innrituðust í framhaldsskóla haustið 2004. Þeim hópi var fylgt eftir og athugað hvort nemendur hafi lokið námi fjórum, sex og sjö árum eftir innritun. Einnig var athugað hversu margir höfðu horfið úr námi eða væru enn við nám, sjá töflu 1.

Tafla 1. Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi nýnema 2004.

	Fjórum árum eftir innritun			Sex árum eftir innritun			Sjö árum eftir innritun		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Nýnemar alls	4.830	2.424	2.406	4.830	2.424	2.406	4.830	2.424	2.406
Brautskráðir úr almennu bóknámi	1.836	722	1.114	2.364	988	1.376	2.471	1.038	1.433
Brautskráðir úr verk- og starfsnámi	580	287	293	881	463	418	995	517	478
Brautskráðir alls	2.161	911	1.250	2.810	1.271	1.539	2.961	1.343	1.618
Hlutfall brautskráðra	44,7%	37,6%	52,0%	58,2%	52,4%	64,0%	61,3%	55,4%	67,2%
Brottfallnir	1.331	762	569	1.429	831	598	1.316	788	528
Hlutfall brottfallinna	27,6%	31,4%	23,6%	29,6%	34,3%	24,9%	27,2%	32,5%	21,9%
Enn í námi	1.338	751	587	591	322	269	553	293	260

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 1 sýnir að fjórum árum eftir innritun, árið 2008, höfðu 44,7% lokið námi og 27,6% horfið úr námi án þess að ljúka lokaprófi, 1.331 nemandi af 4.830 nemendum sem hófu nám. Sjö árum eftir innritun, árið 2011, var hlutfall brottfallinna 27,2%.

Hagstofa hefur ekki gert könnunina síðan 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið beitti sér fyrir því með sérstökum samningi við Hagstofu að könnunin yrði gerð á ný. Ekki er von á nýjum tölum fyrr en í byrjun næsta árs.

Skólasókn nemenda getur gefið ákveðna vísbendingu um hvort breytingar hafi orðið á brotthvarfi. Hagstofa tekur saman tölur um skólasókn nemenda á framhaldsskólastigi eftir aldri, sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri. Tafla 2 sýnir skólasókn nemenda 16–20 ára sem hlutfall af mannfjölda fyrir árin 2007–2014. Tölurnar sýna að hlutfall nemenda á þessum aldri sem sækir skóla hefur verið nánast óbreytt á þessum árum. Það gefur ekki ástæðu til að ætla að miklar breytingar hafi orðið á brautskráningu og brotthvarfi nemenda á þessum aldri frá 2009. Ekki er þó hægt að fullyrða um það fyrr en niðurstöður nýrrar könnunar liggja fyrir.

Tafla 2. Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir aldri sem hlutfall af mannfjölda 2007–2014.

Aldur	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára	93,1	93,5	95,4	95,0	95,2	95,5	95,2	95,4
17 ára	83,3	84,8	89,8	88,3	89,8	89,9	88,9	89,1
18 ára	77,0	75,0	80,4	81,6	82,4	81,7	82,5	81,0
19 ára	68,3	69,4	71,7	71,0	72,4	69,4	68,5	69,8
20 ára	35,3	36,1	37,7	35,0	36,8	33,0	31,5	31,7

Heimild: Hagstofa Íslands.